

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar váttrygginga skuldir vegna áhættustýringar ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 31. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0027**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 (Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2009, bls. 97).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/27/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2009, bls. 97.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.